# Bragfræði


Buxur, vesti, brók og skó
Íslenskt þjóðlag
Bux - ur, vest - i, brók og skó bætt - a sokk - a nýt - a,
húf - u - tet - ur, háls - klút þó, há - leist - an - a hvít - a
Jónas Hallgrímsson

# Hefðbundin og óhefðbundin ljóð

**Hefðbundin ljóð** hafa reglulega hrynjandi, rím  og ljóðstafi en í **Bragfræði** þarf einmitt að kunna skil á þessum þáttum.

**Óhefðbundin** ljóð fara ekki eftir þessum reglum, nema þá stundum ómarkvisst, en reyna frekar að skapa stemningu/stílbrögð og láta lesandanum eftir að túlka ljóðið.

# Hákveður og lágkveður

Algengast að það séu 2 sérhljóðar í hverri kveðu.

Mynstrið er alltaf eins (1. og 3. lína og 2. og 4.)

Byrjið alltaf uppi



Þorri dó en þrællinn trúr  
þagði fyrst og stundi,  
hljóp svo upp, en hvelfiskúr  
hátt úr skýjum dundi.

Atkvæði: **sérhljóðar** = a,á,e,é,i,í,o,ó,u,ú,y,ý,æ,ö,au,ei og ey

# Undanþágur

-Stundum kemur það fyrir að skotið er stuttu áherslulitlu orði (t.d. á, af að) fremst í ljóðlínur og nefnist það **forliður**. Hann tökum við ekki með í kveðurnar og byrjum því niðri í þeirri línu sem hann er í og förum svo upp aftur og byrjum hefðbundið mynstur.

-Stundum koma **þríliðar** en þá eru 3 sérhljóðar í einni kveðu en það á við ef 1 sérhljóðinn er áherslulaus.

Augun komast hæst að hné
hærra er margs að vona.

Ekki á hann Grímur gott
Að ganga heim í þessu.

# Innrím og endarím

**Innrím** er þegar t,d, annað orð hverrar línu rímar saman.
**lárétt**:

Innrím

Yfir **klungur** ekur hann
ósköp **slunginn** skratti.
Ástar**punga** eta kann
alltof **þungur** Matti.

Eða rímar á **þverveginn**:

Ár og **síð** í erg og **gríð**,
Ekki tollir dropi.
En um **hríð** þó yrki ég **níð**
Enn skal lopinn teygður

**Endarím** er þegar síðustu orð lína ríma saman:

Myndum kyrrð í stóru **stóði**,
stýfum, girðum, brýnum **hníf**,
ketti myrðum köldu **blóði**,
kátir virðum ekkert **líf**.

Endarím er svo annað hvort **runurím** eða **víxlrím**. Það er dæmi um víxlrím hér að ofan en runurím á næstu glæru.

# Karlrím og kvenrím

**Karlrím:** Eitt atkvæði (sérhljóði) í ríminu:

Minna rímorð mest á **brjóst**
miklar konur gera
það er öllum líka **ljóst**
lítil karlar bera.

Karlrím

**Kvenrím**

**Kvenrím:** Tvö atkvæði (sérhljóðar) í ríminu:

Því næst spurði frúna **frétta**
Fía sagði hitt og **þetta**,
lýsti hverjir ljúg' og **pretta**,
líka hverjir blóti **sletta**.

Kvenrím

Atkvæði: **sérhljóðar** = a,á,e,é,i,í,o,ó,u,ú,y,ý,æ,ö,au,ei og ey

# Ljóðstafir (stuðlar og höfuðstafir)

- Stuðlar og höfuðstafir segja til um áherslurnar í ferskeytlunni.
- **Allir** sérhljóðar stuðla saman, **sömu** samhljóðar stuðla saman.

Tveir stuðlar eru í 1. og 3. línu en einn höfuðstafur fremst í 2. og 4. línu (nema það sé forliður á undan).

Stuðlar eru alltaf fremstir í há- eða lágkveðu.

**Rímna**snilli **ræfill** glatt
**reynir** oft að kanna.
Stökur yrkir **Hreiðar hratt**
**hrífur** menn og svanna.

Yfir klungur ekur hann
ósköp slunginn skratti.
Ástarpunga eta kann
alltof þungur Matti.

**Samhljóðar** eru b, d, ð, f, g, h, j, k, l, m, n, p, r, s, t, v, x, z, þ.

Atkvæði: **sérhljóðar** = a,á,e,é,i,í,o,ó,u,ú,y,ý,æ,ö,au,ei og ey

# Hrynjandi, rím (innrím, víxl/runu og kven/karl) og ljóðstafir

Örninn smíðar *Ægisdýr*,
álftin járnið *rekur*,
hvalir mjólka hross og *kýr*,
hákarl grösin *tekur*.

Karlrím

Kvenrím

# Hrynjandi, rím (innrím, víxl/runu og kven/karl) og ljóðstafir

Innrím

Latur **kútur** laus við kraft,
leysir **hnúta** snúna.
Matti **þrútinn** hefur haft
hægðir **úti** núna.

Karlrím

Kvenrím